

## Minnisblað vegna silungsveiða í Pollinum.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir, aðstoðarmaður bæjarstjóra, hefur óskað eftir að undirritaður taki saman minnisblað vegna reglna um veiðar á silungi, bleikju, í Pollinum.

Hinn 20. maí 1999 voru dómkvaddir tveir matsmenn af Héraðsdómi Norðurlands eystra til að leggja mat á hvað teljist vera umráðasvæði Veiðifélags Eyjafjarðarár við ósa árinna varðandi veiðar á laxi og silungi. Síðar var matsspurningunni breytt þannig að matsmönnum var falið að afmarka „ósasvæði“ Eyjafjarðarár og leggja mat á rennslismagn árinna.

Matsmennirnir skiluð matsgerð 7. janúar 2000. Niðurstaða þeirra var sú að ós árinna, eins og hann er skilgreindur í 32. tl. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61, 2006, markaðist í norðri af línu sem dregin er úr miðri Gránufélagsgötu í vestustu tána á Hallandsnesi. Syðri mörkin eru við Leiruveg. Ég hef engar forsendur til að véfengja matsgerðina og mun því í framhaldinu miða við að ós Eyjafjarðarár, í þeirri merkingu sem hér á við, sé samkvæmt matsgerðinni.

Veiðifélag um Eyjafjarðarár hefur starfað amk. frá 1960 og hefur Akureyrarbær verið aðili að því frá upphafi. Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. lax- og silungsveiðilaganna er skylt að stofna félag um skipulag veiða í hverju fiskihverfi. Þeir sem eiga skylduáðild að veiðifélaginu eru þeir sem eiga veiðirétt í viðkomandi á, sem eru landeigendur. Akureyrarbær verður því félagi í veiðifélaginu vegna eignarhalds á landi sem liggur að Eyjafjarðará. Það fíkihverfi sem verið er að vísa til hér að ofan er Eyjafjarðará.

Þessi skylduáðild að veiðifélagi hefur verið talin heimil, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um rétt einstaklinga og lögaðila til að standa utan félaga. Akureyrarbær á því ekki þann kost að ganga úr Veiðifélagi Eyjafjarðará.

Í 3. mgr. 37. gr. laganna um lax- og silungsveiði segir að veiðifélag stjórnir allri veiði í sínu fiskihverfi og þar segir einnig að óheimil sé veiði í viðkomandi á, nema með leyfi veiðifélagsins. Samkvæmt þessu verður að álykta sem svo að Veiðifélag Eyjafjarðarár eitt geti stjórnað veiðum í Eyjafjarðará. Þessi réttur veiðifélagsins nær frá upptökum árinna eða veiðisvæðis hennar og til norðurs í línu frá Gránufélagsgötu miðir í vestustu tana Hallandsness. Það er því ekki á valdi Akureyrarbæjar að veita leyfi til veiða í Pollinum. Veiðifélag Eyjafjarðarár getur því ákveðið hvernig veiðum skuli háttað í Pollinum og selt veiðileyfi í hann. Það má benda á að veiðileyfi fyrir allt sumarið kostar kr. 5.000.- og ef afli er skráður í veiðibók fæst helmingur endurgreiddur.

Ég hef hér að framan reifað þau álitæfni sem beiðnin gefur tilefni til. Niðurstaðan er sú að Veiðifélag Eyjafjarðarár hefur alla stjórn á silungsveiði í Pollinum. Akureyrarbær getur hugsanlega í gegn um veiðifélagið unnið að breytingum, en alls ekki breytt reglunum upp á sitt einsdæmi. Samkvæmt framansögðu sé ég ekki annað en að Veiðifélag Eyjafjarðarár fari að lögum við stjórn á veiðum í ánni.

Af þeim gögnum sem ég hef kynnt mér þá sýnist mér að stjórn Veiðifélags Eyjafjarðarár sé með reglum um veiðar í ánni að takmarka veiðiálag í ánni vegna verulegs samdráttar í bleikjuveiði í ánni. Það er ekki annað að sjá en að þörf sé á þeim aðgerðum sem gerðar hafa verið. Þær verða því að teljast málefnalegar.

Vinsamlega hafðu samband ef frekari skýringa er þörf.

Virðingarfyllt  
Árni Pálsson hrl.  
6.2. 2017